

01.
Kvæðasafn apríl 2018
(frið-finnur yrkir)



KRF. (frið-finnur yrkir)

(X) - D.

Áróðurspési syngur.

(frið-finnur yrkir.)

D. er málið. D. er best
D. er fyrir alla
Déið hentar. D. er sest.
D. mun ekki falla.

D. til hægri. D. í sátt
Déið syngur lagið.
D er stöðugt. D er blátt
Déið kann sitt fagið.

D. er mitt. D. er skást
Déið telst hér vert.
D. er hérna. D. ei brást.
D. er ekki skert.

D. er eitt. B. er annar
Átti kannski tvo.
Déið kom og sig sannar.
Svona er déið sko.

Naut í flagi?

(frið-finnur yrkir)

Aftur er hann stúrin og stangar eins og naut.
Stendur eftir allslaus í sínum gamla graut.
Rúinn smá af trausti sem takmarkar hans vald.
Tryggðin var þó áður mannsins aðal hald.

Nú er það allt horfið í hefndar þorstans hyl.
Hryggur yfir mörgu sem ég alveg skil.
Svona bara gerist af gömlum sárum þeim
sem ganga lúin með oss bæði frá og heim.

Lækning kemur engin ef aldrei er í sótt.
Ekki er nóg að þæla daginn út og nótt.
Verkið bara dugir og dugnaðurinn með.
Drengur minn sem hefnir fældu burtu það.

Til er sonur vonin sem vakna skal með þér.
Vektu henni þorsta og lausnin betur sér.
Ekki lengur berjast við einn og annan til
og enda í fúlum skurði í grímulausum byl.

Réttur er nú tíminn að takast á við það.
Treginn hefur merkt þig hér á góðum stað.
Söðla um og breyttu barningi í mýkt.
Bíddu eftir góðu og því sem ei er sýkt.

Aelda!

(frið-finnur yrkir)

Aelda og allt bara horfið.
Aelda og að fólki sorfið.
Aelda. Eldurinn brennir
eigur. Í framan sig glennir.

Aelda. Ég vissi ekki mikið.
Aelda. Í burt fæ ei vikið.
Aelda. Sé logann sig læsa
í lögin. Á fólkið hvæsa.

Aelda. Hvað sem hér gerist
hryggir fólk. Vill að það berist.
Mátturinn er mikill í eldi.
Máski er hann líka veldi?

Alsæl svífum.

(frið-finnur yrkir)

Þökkalegur dagur og þrengsli farin burt.
Þetta er smágerð bylting, kæri vin.
Lengi maður spurði og lengur var um kjurt.
Loksins farin er með nokkrum dyn.

Þvílíkur var léttir að losna byrðar við.
Loksins orðin frjáls. Og létt er geð.
Frjáls er eins og fuglinn sem elskar og sér Guð.
Á ferðlagi um loftið? Ekkert það.

Hér er besta útsýn og allt í besta gír.
Ekkert er sem truflar þetta flug.
Á fagurt landið horfi, sé hesta ær og kýr.
Herra kær það setur í mann dug.

Farin þyngsli virka. Þau vöktu mig og þig.
Viskan snéri okkur á sitt band.
Sagði okkur: „Fljúgið og fáið nokkur stig.
Flýið ekki aftur í neitt strand.

Til þess losna byrðar að bæta manna hag.
Bera fólki aðra sýn á líf.
Þá gerist eitt og annað. Margt hér fer í lag.“-
Áfram ég um loftið alsæll svíf.

Vindur undir vængi hækkar þetta flug.
Víst er rétt að þakka Guði ferð.
Hann losar allan kala og kraft vekur og dug.
Kristur segir: „Lífið hefur verð.

Ég keypti ykkur alla og mun vel um sjá.
Ekki gleyma mér er hættir flug.
Allskonar mun koma margt sem fer á stjá.
Mann og konu vil ég gefa dug.“-

Bangsi Bítlaskór.

(frið-finnur yrkir)

Bangsi gamli í Bítla skónum
berst hann enn við vindinn.
Hann er fastur í fé og krónum.
Ferleg er jú syndin.

Fer á stjá og strýkur vanga.
Staðfastur að venju
Hann mun ennþá í öllu hanga.
Elska eigin siðvenju.

Bangsi gamli er „góður maður“
Gefur fé til hægri.
Vinstra hliðin er bull og blaður
og Bangsa þessum lægri.

Bangsi gamli ber út friðinn
en berst við vind og reiði.
Inn á milli hann kýlir kviðinn
kringum eigið leiði.

Sama alltaf arkar hringinn.
Ennþá slær samt takta.
Brýnir betur sjálfan stinginn
Segir fánan blakta.

Hvergi þó finnst fáni þessi.
Falin vel í huganum.
Guð á himnum Bangsa blessi
og beri ei frá Andanum.

Bítlarnir.

(frið finnur yrkir)

Bítlar ærðu allan heim
Engin slapp við þennan hreim.
Unglingur og unga fólk
enn að drekka bara mjólk
þátt allt tók og trallar með
taugin þanin sem gat skeð
Allir vildu eignast þá
öskra og titra svona smá.
Ekkert land í leyni var
Losnar ei við þetta far
Maður vildi ferskan fá
finna skjálfta og alla þá.

Efast nokkur?

(frið-finnur yrkir)

Byrðin mín er létt leyfist mér að segja.
Loksins er það komið sem ég vildi eygja.
Dagarnir á undan allir voru flæði.
Einnig var þá gott að vera í næði.

Hjartað barðist um í brjósti mínu öllu.
Blánaði og hvítnaði en hló að lausninni snjöllu.
Hún kom þó úr vestri og virtist ekki halda
í vestanátt og líka stinningskalda.

Samt komst hún í hendi og já pottþétt vara.
Hringlandinn á undan sá vildi ekkert spara.
Heldur gára betur bara gruggugt fljótið
en bera niður drasl og allt hitt dótið.

Allskonar í gangi gott en sumt þó verra.
Guð er þessu yfir og líka minn, þinn herra.
Sá kann á þessu lagið, lagsi þetta skiljum
Lengi leiddi oss báða framhá hyljum.

Í lífsins dansi öllum oft smá byrði er borinn
og blóðið vill ei renna uns fennt hafði í sporin.
Þá aftur byrjar lífið að leika sér með okkur
og lyfta sér með manni. Efast nokkur.

Eitt er bannað.

(frið-finnur yrkir)

Söngur minn í mjúku hjarta
mann svo vel þær stundir tvær
Er fegurð ei til taks að skarta
og tárin runnu á þessum bæ.

Svo kom annað inn í málið.
Annar komst á taktur þar.
Þá var sopið úr ausunni kálið.
Yngdist þá mitt gamla skar.

Gleðin kom. Ég tók mér taki.
Tregur fyrst að breyta um stíl.
Á eftir gekk ég beinn í baki
Búinn að gera við fögnuð díl.

Ekki er lífið alveg búið.
Allir lifa daginn þann
er allt í veröld virðist snúið
og vesæll maður ekkert kann.

Kemur leysing, lagast verkin.
Liggur nokkuð fyrir tært.
Reynslan sýnir sumum merkin
sem lýsir upp og gerir skært.

Svona breytist eitt og annað.
Allir geta þetta gert.
Aðeins það er alveg bannað
að segja líf sé einskis vert.

Ég þekki mann.

(frið-finnur yrkir)

Ég þekki mann,
sem vinnur rétt,
etur rétt,
sefur rétt,
vakir rétt,
getur allt,
og sagt mönnum til.

Ofboðslega fullkomin,
réttlætið er engu líkt.
Og fyrir þessu ég hneigi mig.

En haldi einhver öðru fram,
eru hinn sami fátáður,
sem gefur hinum einkarétt
að skella öllum hurðum,
fara í ofsa fýlu,
loka að sér hurðinni,
vera lengi kyrr.

Og fyrir þessu einnig hneigi mig.
Og afsakið þið mig.

Hrossið

(frið-finnur yrkir)

Hrossa gaukur og hrossa tað.
Hrossið hneggjar, segjum það.
Hrossið brokkar, hleypur skeið
Hrossið fer jú alla leið.

Hrossið sterka stendur vel
Stekkur með mig, það ég tel.
Hrossið slær og slekkur hug.
Slær burt allan kraft og dug.

Hrossið sýnir sannan dug
Sér nú töðu, fer á flug.
Hristist haus og meira til
með herrann bak við tvöfalt þil.

Hross og hnakkur eru klár,
hafa verið í mörg ár.
Alltaf sama ástand hér.
Eins og líkar okkur hér.

Komdu dróni.

(frið-finnur yrkir)

Dróni er þetta nýja og nýta sumir sér.
Er nokkurskonar flugvél upp í lofti.
Hann svífur yfir höfðum, myndar gegnum gler
Hefur geymslustaðinn upp á lofti.

Þar með tíð og tíma gleymist þessi fýr.
Trúið því að svona er málið vaxið.
Fólkið hleypur í einn og líka annan gír
eftir að vera hætt við nýja baksið.

Nú er dróni frábær og ferðast sína leið.
Frábær í að mynda þök á húsum.
Þó sé þínu hindrun er gata hans enn greið
Getur birt oss efni af vilja fúsum.

„Dróni þig við elskum alla daga smá,
alveg eins og hitt sem enn er nýjast.
Þaðr lyftir okkur hærra og harmi öllum frá
er hringurinn um okkur fer að lýjast.“

Tæknin er hreint frábær alveg eins og þú
þó engan höfum drónann til að fljúga.
Til að eiga gleði þarf gríðarlega trú
sem getur bjargað ein og lítil bjúga.

„Dróni komdu til mín manns á vondum stað.
Mundi eftir honum kæri Dróni.
Hann sem ekki sjálfur sér hvað nú sé að.
Sýndu okkur loftmyndir af tóni.“

Engin kemur dróni hvorki í dag né gær.
Dettur ekki hug að líta á kauða.
Maður án síns dróna almennilegt ei fær
Enda ekki gerður fyrir blauða.

Komdu þá.

(frið finnur yrkir)

Sumir koma aldrei. Þeir alltaf fara frá.
Engin þeirra mætir og tilveran er grá.
Segjast koma núna svo líða dagar tveir.
Söngurinn er falskur og vindskekinn sem reyr.

Kuldaboli.

(frið finnur yrkir)

Svo er kalt hér inni að ísinn fór að kvarta
og ekki geti bráðnað né lekið niður dós.
Gat heldur ekki beðið að fót og fingur í narta.
Ég fráleitt þessu öllu gef mitt hrós.

Á jólum

(frið-finnur yrkir)

Gaman er jú jólum á.
Jesú á þau enda.
Hann er okkur öllum hjá.
Á það vildi benda.

Gleyminn.

(frið finnur yrkir)

Gleymni Konni gleraugum týnir.
Gremjan kemur og kauða þínir.
Engin miskunn og engin friður
Engin lausn nema setjast niður.
Grenjandi. Grín.

Kvæðið

(frið-finnur yrkir)

Að yrkja þykir þarfa verkið mesta.
Þekja orðin blíðu allri með.
Sumum finnist vera eitt hið versta
að vita ekki það sem hefur skeð.

Segja kvæðið kunni að birta þetta
og kíkja eftir slíku þegar ber.
Til að hungur eigið allt sitt metta.
Að vita er að sumra mati her.

Kvæðið gerir svona er það syngur.
Sýnir einnig líðan þína vel.
Talar um að traustur sé nú hringur
sem tókst fram á þínum gamla mel.

Kvæði er í framan eins og fáni
sem fagurlega er á hvíttri stöng.
Stundum það þó ber sig eins og bjáni.
Barmar sér þá mitt í sinni þröng.

Allir kvæða vegir virðast færir.
Vissan er með heimili sitt þar
Stundum það samt einn og annan kærir
Það einum er þá trauðla besta var.

Svona gerir kvæðið, kæru vinur.
Kallar eftir viðbrögðum frá þér.
Þú máski undan öllu þessu hrynur
en ekki getur forðað þér frá hér.

Kvæðið gengur vel og vísar slóðir.
Veginn heim og líka óþekhta braut.
Stundum er það líkast stóra bróðir
sem stekkur fram og gerir hrærigraut.

Einn og sami kveður maður kvæðið
um konuna og líka eigin hag.
Hvaðan kemur einstaklingi allt sæðið
sem eignar honum bæði kvæði og lag?

Líf af dvala vakið.

(frið-finnur yrkir)

Í dag er Lífið. Leikur núna.
Lá í dvala. Síðar hló.
Það með þessu byggir brúnna
bætir veru og líka skó.

Í dag er stundin sem stökk á hana,
strýkur vanga. Kannski minn.
Já, lífið hefur vissan vana.
Veit um þörf á að strjúka kinn.

Í dag er verkið sem vinna muntu.
Veru þinni breytir smá.
Þú hreina sækir eina svuntu
og setur borðdúk ofan á.

Þjónar henni sem hjartað þráir
með hring á fingri og bláa nögl.
Af einu mari og mynd af stráí
er mögnuð hangir eftir ströggl.

Samt er lífið að leika við oss.
Losa streitu og allt sjokk
Bjallan gellur og glænýr brjóstkross
gengur parket, úr mínum flokk.

Allt er hérna og lífið líka.
Það liggur hingað og er svo kyrrt.
Þetta ástand oss gerir ríka,
er ekki lengur viti firrt.

Líf Blakks.

(frið-finnur yrkir)

Blakkur er hestur í haganum mínum.
Hleypur hann sperrtur um koppa grundir.
Hann er á vegi og veginum sínum.
Veit ekki um neinar farsælar stundir.

Tímenn sinn notar að nostra við grasið.
Nagar og tyggur og kyngir svo öllu.
Blakkur er frjálrsari en fuglinn grár sjálfur
Fer sínar leiðir, alveg eins og kálfur.

Svo koma dagar sem dropar hann væta
og dettur í þunglyndi sem engan bæta.
Liggur þá grafkyrr og gráti er næstur.
Greyið hann Blakkur er úti hér læstur.

Í fjarska er húsið sem hýsti Blakk líka.
Hús þetta geymir marga hans líka.
Samt er hann hérna í ausandi regni.
Hundblautur orðin og vart meira megni.

Um hliðið var einu fjórhjóli ekið.
Eigandi vitjar Blakks síns í nauðum.
Að Blakk hafði áður ekið og rekið
inn í sitt hesthús með í nokkrum sauðum.

Upp reis nú Blakkur er heyrðist sjálft hóið.
Horfði á tækið nálgast og stoppa.
Herranum mætti og með gamla hróið.
Máski af gleði Blakk langaði að hoppa.

Skjóni á básnum beið honum eftir.
Blíðlega hneggjaði er rennblautur Blakkur
birtist í gættinni og gráturinn heftir.
En greyið Skjóni var sérdeilis frakkur.

Lífið lifi.

(frið finnur yrkir)

Vildi verða hetja en er nú horfin, dauður,
hefur ei og gerir ekki meira.
Lífið ennþá styrkir og stóll þess er ekki auður,
það stekkur fram og ljær fólki sitt eyra.

Maður. Ha, ég?

(frið finnur yrkir)

Kýrin ekki talar né mælir mannsins mál.
Kýrin okkar baular hátt og snjallt.
Maður engin getur en maður hefur sál.
Maðurinn því gerir nánast allt.

Maður fylgir Jesú og játar honum tryggð.
Jáið gefur honum færa leið.
Öðru hvoru lifir svo maður mikla styggð.
Mannsonur þá eftir honum beið.

Krossinn blasir við og krossinn markar veg.
Kristur er með krossinn alla tíð.
Maður sinn kross hefur og hann líka dreg.
Hvort sem er um sléttan veg og hlíð.

Maður er ei skepna og maður er með vit.
Missir stundum áttir og gerist ör.
Stundum verður kauði krakkar alveg bit
og kúldrast inn í skoru við önnur kjör.

Þetta gerir maður og máski er hann þú.
Maður sem að gerir stundum rétt.
Inn á milli fer allt burt sem heitir trú.
Erum við segja nokkrum frétt?

Kýrin áfram jórtrar og játar sem sinn mat.
Jóðlar ekki eins og gera menn.
Maður fyllist gremju og gerir stundum at.
Grenjar svo af hlátri öllum senn.

Orða-skak.

(frið-finnur yrkir)

Einn er sveittur, annar þreyttur.
Einn að vinna, annar kynna.
Einn að raula, annar baula.
Einn að sækja, annar flækja.
Einn að heyja, annar að deyja.
Einn að lifa, annar skrifa.
Einum sama, annar til ama.
Og allt er núna strand.

Einn að gefa, annar sefa.
Einn á gangi, annar fangi.
Einn að sofa, annar lofa,
Guð sinn herra, annar að hnerra.
Einn er strangur, annar rangur.
Einn er stúrin, annar glúrin.
Einn að segja, annar þegja.
Og ennþá nýtist band.

Einn er flottur, annar vottur.
Einn er vitur, annar situr.
Einn með duginn, annar huginn.
Einn er sáttur, annar máttur.
Einn að kíkja, annar sníkja.
Einn sem eygir, annar fleygir.
Einn sem ræður, annar skæður.
Og allt er blessað land.

Orðunum raðað.

(frið-finnur yrkir)

Alveg er það skínandi að skuli fara hlýnandi
og skattaskjólin dvínandi og veðrið sjaldnar hvínandi
og sjaldnar maður pínandi og meira svona grínandi
máski líka elskandi - kellur eins og þig.

Ó klukka! Ekki stöðvast.

(frið-finnur yrkir)

Óskapleg eru biðin og ekkert hreyfist klukkan.
Allt við það stoppa er brotnaði ein krukkan
Mér dauðbrá svo við hljóðið að hjartað vildi ei dæla.
Er hreyfðist klukkugarmur þá aftur varð til sæla.

Sekúndurnar koma kaldar á litlum hraða.
Króklöppin er orðin en þær samt upp sér hlaða.
Og áður en hér varir er vísir aftur sleði.
sem varla hreyfist fetið. Það hræðilegt er geði.

„Tími skalt þér hraða og hlaupa eins og fákur
sem sendist eftir sléttu ei hægfara sem snákur
sem skríður líkt og ormur og hefur engar lappir.
Er ekkert nema spotti sem hlykkjast yfir klappir.“

Loks er farin ein stund í stríðnu við tímann.
Stóðst enda ekki mátið og teygði mig í símann
Gargaði í eyra karlsins sem húkti hinum megin,
að hér ég væri að bíða. Orðin laus við beyginn.

Hinn skildi ekki þetta og vildi vita meira.
Voðalega forvitinn beint inn í mitt eyra.
Ég sagðist vera vindur sem blési beint úr austri,
búin alveg á því og skást geymdur í klaustri.

Pakkinn.

(frið-finnur yrkir)

Flottur var pakkinn og passlegur mér?
Prýðir mig allan eins og hver sér?
Gengur því með mér í allan dag?
Mun bæta geð mitt og allan hag?

Hver er svo pakkinn er þóttist ég þrá?
Þreytandi verður í það allt að spá.
Stundum er tilveran stíf öll og græn.
Stekkur þó fram, er smávegis kæn.

Pakkinn er hjá mér margslungið verk.
Magnaðar umbúðir, gjörðin er sterk.
Tíma sinn tók að afhjúpa grip.
Taktu nú eftir. Ég skipti um svip.

Það sem þar var allt undraði mig.
Augu mín sukku. Í brúnir kom sig.
Í pakkanum milljón af seðlum ég sá
safnað af greinum. Mér aldeilis brá.

Kom hringing á eftir og útlenska mál
og allskonar boð og margskonar tál.
Allt voða einfalt en einskisnýtt hjóm.
Sem ekki núna vill leggja á dóm.

Símtali lauk og lok komin í.
Kallið er hlaupið, í þögnina sný.
Pakkinn er horfinn hauganna á.
Hverslags er þetta má maður fá?

Pisspiss og bang.

(frið-finnur yrkir)

Svo er nú komið hér já karlinn minn
að kóngur bæði mætti og fór.
Hann gerði verkin sín og líka hinn
sem herranum kom með og sór
að koma hingað aftur en þó ekki strax
ásamt með konu og eitt sitt barn.
Hann lofaði að láta þá klippa sitt fax
og leysa til frúar þá smávegis garn.

Kóngur og drottning nú dásama land.
Dagur þeim mæti og „Gerðu svo vel“.
Ekkert sem fyrir varð stefndi í strand.
Sterkur er landinn í höfðingja skel.
Allur var þakkinn samt settur í gang
sungið var ættjarðarlagið í gegn
Mikið var hlegið er pisspiss og bang
passaði hvergi né allt þetta regn.

Svo fór að lokum að leystist úr höfn
lakkaður brúsi sem ekkert var í.
Hér skal þó engin nein nefnd vera nöfn
það neyðarlegt væri í andvarpi því.
En drottning er komin og kóngurinn með
og karlinn er fullfær verkin sín einn.
Og hver er ég maður og eitt minnsta peð
sem máski hentar að vera ekki neinn.

Skatan framhá fer.

(frið-finnur yrkir)

Engin skata allt í voða
Ekkert flotið til að skoða.
Þetta er ótækt, elsku vinur.
Orðin er ég í þessu linur.

Þorlákur Helgi hefur orðið.
Hamsatólginn upp á borðið.
En ég sjálfur sit bara heima
í sjokki allur en læt mig dreyma.

Þvílík staða á strák er núna.
Strýkur vömbina alla lúna.
Skatan sleppir ei, tekur taki.
Tómu þetta með endar braki.

Ilmur er enn í lofti góður
en útrekin sem hússins sjóður.
Þykir hann enda angra nebba
en ágætur fyrir soltinn rebba.

Skáldið að vakna

(frið finnur yrkir)

Blundar núna skáldið. Það bráðum fer af stað.
Bera út sínar vísur og ekki hvað?
Segir kvæðabálka og kann vel fagið allt
Kemur sér í gírinn. Sem þykir vera svalt.

Snjókornin.

(frið-finnur yrkir)

Úti eru snjókorn snotur
er snúast og fella tár.
Þau eru engar þotur.
Öll saman mynda fár.

Snjókornin munstur mynda
Margbrotið hvert eitt er.
Stundum þau mannskap blinda.
Búa til blindan her.

„Af þessu skáka skýin.
Skringilegt allt það er.“
Sagði á köflum Svíinn
og setti upp húfu og der.

Tæmd eru ský af skotum
er skutust öll niðrá jörð
Komu í kannski lotum
og klæddu tún og fjörð.

Bíldrúslan spólar, spæmir.
Spyr ekki hví svo sé.
Festan samt fluttir bænir
í færðinni upp að hné.

Spurningin er.

(frið finnur yrkir)

Hvað veit ég um mottu mars,
og maí og alla hina líka?
Hví að kalla og krefjast svars,
koma svo, en hverju flíka?

Hví er maí með litlum staf
og með honum allir hinir?
Hverju svarar svona skraf.
Syngjum og gerumst vinir.

Stebba.

(frið-finnur yrkir)

Bráðum kemur sumar sem mun syngja
söng um Stebbu litlu sem var krútt.
Hún lék sér alla daga en þurfti að þyngja
og þegja og hætta að raula um þetta sprútt.

Hún allar stundir stóð og lét mig heyra
um staðfestu og ýmsar gerðir hér.
Var meira en fús að okkur ljá sitt eyra
til að eiga smávegis í mér.

Stebba var á sumrum sérstök nokkuð.
Hún sönglaði í dalnum fögur ljóð.
Hreina dásemd og dömu hjá vel flokkuð
um dugnað lífsins. Þar var ekkert hnjóð.

Stebba var í grunnin gætin kona
en gekk á milli illa við það verk.
Þá var best að forðast frú og vona
að ferðin yrði stutt hún kæmi inn sterk.

Alltaf kom hún hress aftur til baka
hamingjunni fyllt frá topp til tá.
Erfitt er við einu og öðru stjaka
þó annað veifið tilvera sé grá.

Svo einn daginn dapurlegar fréttir
dregur heyrði öðrum manni frá
að Stebba hefði strokið eftir réttir
og stokkið fram af bjargi þar rétt hjá.

Sumar verður annað án Stebbu minnar.
Engin getur raulað hennar söng.
Orðin hennar engin fær betur tvinnuð
þó arkaði um mörg dimmstu göng.

Sumarið.

(frið-finnur yrkir)

Þeir segja sumar komið,
og sögu bak við vera
skapari skóp fullkomið.
skriðir velli þvera.

Þeir segja sumar pressu,
og sumar birti lífið,
að fólki fækki í messu
en fegurð marga hrífi.

Skapari skapi hyggni,
skreppur ei í fríið
eins og einhver lygni
og er samt þyngra en blýið.

Segja að fræði sumar
um söng af mörgum gerðum
og gefi í hendi humar,
í harla mörgum ferðum

Sumur eru sorti,
syngja falskt og galið.
Einhver svona orti
er hafði depurð valið.

Sumar fæðir fénað
á fjöllum á daginn
Þau uppi bera búfénað
og bara við það lagin.

The Beatles.

(friði-finnur yrkr)

Bítlarnir þeir afmæli stundum eiga
en eldast bara sama og ekki neitt.
Fæstir söngva þeirra þreytast, geiga
né þyngjast svo að þeim verði eytt.

Allur skarinn skokkar enn með Bítlum.
Skoða verk og syngja löggin sjö.
Leggjast við og strjúka stundum skrítlum
Staðráðnir uns klukkan verður tvö.

Tíminn líður, sögu árin segja
að söngvar þeirra eigi eilíft líf.
Um þetta gamlir varla vilja þegja
né valsa um og reka í sögu hníf.

Bítlar hér og Bítlar lifa lengur.
Birtast en og draga fjöldann að.
Fjöldinn allur finnst þeir vera fengur
í fjarlægð og nú líka á þessum stað.

Óðir vorum við í Bítla sönginn.
Eigum þá og hlustum nokkuð vel
er förum við í ein og önnur göngin
og aumu hjarta verði ekki um sel.

Bítla skór og Bítla hár með meiru.
Bítla hárið skást samt þótti mér.
Það lagðist niður vanga, yfir eyru.
Ekkert þetta neinn hér lengur sér.

Traust minn ven.

(frið-finnur yrkir)

Þeir segja það snúist um traust.
Að sæti sé fyrir þá laust.
Að allir sem velja styðji vel.
Vinar á eftir fái þel.

Þarf lengur að liggja undir feld?
Lesi við bjarma af eld?
Er ástæða að skoða skírt mál?
Skilgreina hvort það sé tál?

Hverskonar stjórn styður þú?
Stóra sem byggir hér brú?
En byggir samt brauð fótum á,
barmar sér og ekkert smá?

Reynslan er ráðvillt í dag.
Rigningin gerði stórt flag.
Engin gat gengið né flutt
gott efni, né fráleitt stutt.

Kosning, og hér koma menn
kaldir af lofordum senn.
Hvað skeði hyrfu þeir burt
Herra vart yrði um spurt.

Við þaðin.

(frið finnur yrkir)

Dagarnir í viku hverri eru þeir ekki sjö
og ein vika samanstendur af?
Verður klukkan okkar ekki líka stundum tvö,
og að einstaka maður noti tré staf?

Um þetta mætti lengi rífast og rogast með
og reyna fá í eitthvað betra hald.
Æ við litlu sætu greyin gangandi erum það
og gerum stundum til að hafa vald.

Inn á milli er þessu sundrað þegar kemur nýtt.
Þá frýs blóð í æðum og svipur með.
Og dagur allur gerist grimmur og í lófa spítt.
Gaman ei að vera bara það.

Vond vinslit.

(frið-finnur yrkir)

Vinslit eru vond maður.
Vinir ganga sundur.
Allt sem áður var staður
Umbreytt er í glundur.
Staður sem að þögnin kímir
og þreytan hefur völdin
og ergelsið í horni hímir
hvern dag og á kvöldin.

Vinslit er vond maður.
Vakna þú sem sefur
Gakktu í og ekkert þvaður
Ekki betri hefur.
Ekki missa meira vinur.
Mundu góða daga
Annars meira máski hrynur.
Allt má hérna laga.

Vinslit eru vond maður.
Verður fráleitt verra.
Ástæðan var eitt blaður.
Ónýt burðar sperra
sem máski mátti til laga,
að minnka spennu alla
og láta hanga á hæsta snaga.
svo hringi vinar bjalla.

Ekki láta lausn sigla
lengur framhjá góðu.
Eins og væri hún hrein mygla.
Í hendi öll í móðu.
Láttu óvild hér enda.
Endurheimtu gæði.
Og vini einum ei senda
endurtekna bræði.

„Því viltu deyja?“ - spyr Drottinn.

Vorangan í lofti

(frið-finnur yrkir)

Vorangan í lofti og loftið úti tært.
Loksins meiri birta og ljósið orðið skært.
Hefst það allt með tíma og tíð á vori grein.
Tekur aftur stefnu og gatan aftur bein.

Segir fullt af sögum um söng og alslags fjör.
Segist gefa meira og hafa betri kjör.
Allt kom það með birtu sem baðar vanga minn
og blíðlega mig kyssti en sagði bless um sinn.

Svo kom aukin birta og aftur ofsa fjör.
Öllu gamni lauk er féll ég um eitt rör.
Þurrkaði af andliti elskulega bros
og umbreytti í voða stórt og mikið gos.

Munnur fylltist allur orðum mörgum af.
Allskonar þau voru. Á stærð við meðal haf.
Allt þá skalf og hristist hringinn kringum mig
Hamingjan mín eina. Ég missti burt eitt stig.

Samt er úti birta sem baðar allt mitt geð.
Og bróðir minn er mættur. Gat nú verra skeð.
Hann sagði mér að andann draga út og inn.
Allt þetta ég gerði en blóðbragð svolftið finn.

Svona gerist líka þó leiki birta menn.
Laglegast fólkið birtist enda senn.
Það kemur og með eitt og annað handa mér
og etur krásir með mér eins og vera ber.

Væri ekki gott.

(frið finnur yrkir)

Mikið væri gott að geta tekið pillu
og ganga á eftir hraustur
en ekki tómu tjóni né í neinni grillu
um takmarkaða veginn sem ekki reyndist traustur.

Mikið væri gott að geta tekið kornið
og grafið beint í jörðu
og komið sér svo fyrir bak við eitt bláhornið
og beðið harla keikur eins og formenn gjörðu.

Væri ekki passlegt ef peningatré í garði
prýddi ávöxt greinum
með fimm þúsundum kalla sem væri mælikvarði
og kallaði á okkur: „Ekki lít ég neinum.“

Væri ekki gott ef eitt og sama lyfið
okkur gerði edrú
og ekkert meira að gera og ganga veg og klifið
gríðar mikil fjöllin og alveg hreint bláedrú?

Notalegt það væri að vera inn í þessu
og vaka bara og sofa,
drekka þar og eta en ekki í tómrí klessu,
og engan nema sig sjálfan á eftir lofa.

Það sem betra er

(frið-finnur yrkir)

Píanóið fingrafimi festir alla og gefur.
Fingralangur puttar eru þjófa.
Fyrra afl er eigulegt og margan manninn gleður.
Margir aðrir halla sér að bófa.

Allskonar á gangi hér á götunni um lífið.
Grátur, hlátur, skemmtun öll og sorgin.
Þegar maður kemur heim er horfið burtu vífið.
Hún farin er en eftir samt er borgin.

Merkjast vill allt átökum, málþófi og frekju.
Ekkert er til hlífðar nokkrum manni.
Maðurinn er gengin burt með bústað út á þekju.
Blístrar þar og gerir bara í ganni.

Blómið fölnar, visnar smá og smakkið vill ei virka.
Smávegis af einu og hinu á reiki.
Þetta er vort eigið líf og allavega sirka,
þó allir segist vera til í leiki.

Komið er að endapunkti sem öllum ljóst má vera.
Allir saman losi sig við gargið
og taki upp vænan blíðutón sem betra er að gera
og bindi niður allt sem gerir þvargið.

Eftir stendur vitundin um viskuna frá hæðum.
Varla gerist betra í lífi manna.
Hún er líka aflið sem við menn á allir græðum
og allir skyldu heilshugar nú kannu.

